

Tillaga til 481. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 14. október 2021

Tillaga frá 567. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 29. september 2021, um að bæjarstjórn heimili að skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar landfyllingar og tilfærslu á sjóvörn í Skutulsfirði verði kynnt opinberlega skv. skipulagslögum 123/2010. Matslýsingin verði tekin til meðferðar í samræmi við VII. og VIII. kafla skipulagslaga nr. 123/2010

1. Grjótvörn og uppfylling til norðurs frá Norðurtanga í Skutulsfirði - Aðalskipulagsbreyting - 2020110080

Lögð fram skipulags- og matslýsing frá Verkís dagsett í september 2021 vegna fyrirhugaðrar landfyllingar og tilfærslu á sjóvörn. Fyrirhuguð landfylling verður utan við Fjarðarstræti frá Norðurtanga að Eyrargötu 2-4, gert er ráð fyrir að megin landnotkun verði fyrir íbúðarbyggð einnig að gert verði ráð fyrir rými fyrir minni þjónustu.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila að skipulagslýsing verði kynnt opinberlega skv. skipulagslögum 123/2010. Matslýsingin verði tekin til meðferðar í samræmi við VII. og VIII. kafla skipulagslaga nr. 123/2010